

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 122/957
komudagur 3. 3. '98

BN/kb
B. 104/98

Reykjavík 2. mars 1998

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis dags. 20. f.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til breytinga á lögreglulögum, 442. mál.

Mælt er með því að 1., 2., 3. og 5. gr. frumvarpsins verði allar samþykktar óbreyttar.

Um 4. gr. Gert er ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að ríkislögreglustjóri skipi lögreglumenn aðra en yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Samræmis vegna virðist því sjálfsagt að ríkislögreglustjórinn í stað dómsmálaráðherra geti heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa í tilvikum sem lýst er í 3. mgr. Málsgreinin myndi hefjast með þessum orðum:

Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann.....

Undirstrikuð eru orðin sem fela í sér breytingu á frumvarpinu.



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK